

8. fundur umhverfisnefndar

Miðvikudaginn 21. mars kom umhverfisnefnd saman til fundar að Fjarðarvegi 3. Þórshöfn, fundur hófst kl. 17:10.

Mætt: Sigurður Jóhannes Jónsson, Steinn Karlsson, Sóley Indriðadóttir, Axel Gunnarsson og Jóhanna Helgadóttir, einnig sátu fundinn Björn Ingimarsson sveitarstjóri og Vigfús Sigurðsson byggingafulltrúi.

Dagskrá.

1. Byggingafulltrúi var með kynningu á byggingareglugerð nr. 441/ 1998 með áorðnum breytingum.

Vigfús benti sérstaklega á 1. kafla í reglugerðinni sem snýr að stjórnsýslunni. Samþykkt fundargerð. Vigfús vék af fundi.

2. Björn Ingimarsson kynnti stöðu ýmissa mála í sveitarfélaginu:

Sorpmál. Í gangi er svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, er sú áætlun á lokametrunum. Nauðsyn er á nýjum urðunarstað og er heimild til staðar frá eiganda Skeggjastaða (ríkinu) og mælir Heilbrigðiseftirlitið með staðnum til urðunar. Flokkun sorps er öllum sveitarfélögum nauðsynleg og var gengið frá samningi við Hringrás þann 31. júlí, 06. Brotamálmar, dekk, heyrúlluplast, pappír og öll spilliefni, - 5. ára samningur. Hreinsunarátak sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.- safna saman brotajárni, málmum og dekkjum á einn stað á hvorum þéttbýlisstaðnum um sig. Sveitastjóri á fund með Hringrásarmönnum á Akureyri 30. mars n.k.

Skógrækt:Unnið samkvæmt forskrift Jóns Geirs Péturssonar, skógræktarfræðings hjá Skógræktarfélagi ríkisins, í samstarfi við Skógræktarfélag N-Þing. Verkið hófst árið 2003 og eru áætluð verklok 2009-2010. Gengið var frá plöntuumsókn 9. mars s.l.

Önnur umhverfismál: Fyrirhugað er hreinsunarátak hjá fyrirtækjum, bændum, og einstaklingum. Veraldarvinir og hópur frá SEEDS eru væntanlegir í júní. Farið verður í ströndina, eyðibýlahreinsun, gróðursetningu o.fl. Angantýr Einarsson mun annast hópana eins og undanfarin ár. Ætlunin er að fara í malbikunarframkvæmdir í samstarfi við Vegagerðina en reyndar er óvíst með þátttöku þeirra. Von er á svari frá þeim á næstunni. Vatns- og fráveituf framkvæmdir standa fyrir dyrum á Bakkafirði. Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins eru um 20 – 30 millj. kr. Framkvæmdir við fráveitu á Þórshöfn verða ekki á næstunni en eru nauðsynlegar. Hafnarlækinn þarf að setja í stökk suður fyrir hafnargarð. Lokafrágangur á tjald- og húsbílasvæðum á Þórshöfn eru eftir fyrir sumarið. Björn vék af fundi. kl. 19:15.

3.4. og 5. lið á dagskrá eru frestað.

6. Mál. Akstursípróttabraut / Sóleyjarvellir.

Málin rædd og ákveðið að vísa málinu aftur til atvinnumálanefndar þar sem frekari gagna er óskað t.d. fjarlægð brautar frá vegi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19.35.
Jóhanna Helgadóttir, ritari.

